

132 einingu Eyvindarhólaprestakalls við Holtsprestakall, þó svo að hann taki laun 21. júlí. eftir hinum eldri launalögum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið felst á, að framangreindar brauðasameiningar komi í framkvæmd á þann hátt, að hinir núverandi prestar í Pykkvabæjarklaustursprestakalli og Holtsprestakalli undir Eyjafjöllum taki laun sín eftir hinum eldri launalögum.

133 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sameining tveggja prestakalla og skipun samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 nr. 45.**

Með brjefi, dagsettu 11. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, meðal annars skýrt frá því, að presturinn í Hofsprestakalli í Álftafirði, sira Jón Finnsson, gangi að sameiningunni við Berufjarðarprestakall að því tilskildu, að prestsetrið verði ákveðið að Djúpavogi, sem þjer teljið hjerumbil sjálfsagt. Svo leggur hlutaðeigandi prófastur til, að í stað bújarðar sje prestsetrinu látnar fylgja, prestinum til afnota, varphólmarnir í Búlandseyjum, sem fylgja Berufirði, og Þvotteyjar, sem fylgja Hofi, gegn hæfilegu eftirgjaldi fyrir fjárbeit og æðarvarp, sem í eyjunum er, og teljið þjer ekkert þessu til fyrirstöðu. Enn skýrið þjer frá því í nefndu brjefi, að presturinn að Mælifelli hafi gengið að sameiningu við Goðdalaprestakall og gengið undir nýju launalögin í þeirri von, að hinu nýja Mælifellsprestakalli verði veitt annaðhvort erfiðleikauppbót eða bráðabirgðauppbót sökum stórvægilegra örðugleika á þjónustu Ábæjarsóknar. Leggið þjer til, að báðar þessar brauðasameiningar verði samþyktaar.

Útaf þessu skal yður, háæruverðugi herra, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að stjórnarráðið felst á það, að Hofsprestakall og Berufjarðarprestakall sameinist, þannig að prestsetur hins sameinaða prestakalls, Hofsprestakalls, sje ákveðið að Djúpavogi, og að því fylgi áður nefndar eyjar gegn hæfilegu eftirgjaldi, sem þjer eruð umbeðinn að hlutast til um að ákveðið verði með matsgjörð dómkvaddra manna. Stjórnarráðið samþykkir einnig sameining hins núverandi Mælifellsprestakalls og Goðdalaprestakalls, en að því leyti sem sira Sigfús Jónsson hefir látið uppi þá von, að hinu nýja sameinaða Mælifellsprestakalli væri veitt annaðhvort erfiðleikauppbót eða bráðabirgðauppbót sökum stórvægilegra örðugleika á þjónustu Ábæjarsóknar, þá skal þess getið, að eigi er heimild til þess að veita bráðabirgðauppbót neinum þeim presti, sem tekur laun eftir hinum nýju prestlaunalögum, en erfiðleikauppbót væri því aðeins heimilt að veita þessu brauði, ef losnaði einhver erfiðleikauppbóta þeirra, sem taldar eru í 2. gr. nefndra laga, af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í niðurlagi greinarinnar.

134 **Brjef stjórnarráðsins til sjáslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um veitingu hlunninda handa sparissjóði Glæsibæjarhrepps.**

Útaf beiðni, er hingað hefir borist frá hreppsnefndaroddvita Glæsibæjarhrepps, vill stjórnarráðið hjer með veita væntanlegum sparissjóði Glæsibæjarhrepps